



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 30/2016

**Villandi fullyrðingar um Brennslubeltið og  
upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðunni celciusport.com**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Í kjölfar ábendingar frá neytanda var Manova ehf., rekstraraðila vefsíðunnar celciusport.com, sent bréf, dags. 21. janúar 2016, þar sem vakin var athygli á ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og skyldu fyrirtækja til að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra, sbr. 4. mgr. 6. gr. sömu laga. Með vísan til þessa fór Neytendastofa fram á að Manova færði sönnur á eftirfarandi fullyrðingar:

*„Brennslubeltið örvar brennslu á magasvæðinu [...]“  
„Beltin bæta líkamsstöðu og veita bakinu góðan stuðning.“  
„Veitir góðan stuðning við neðra bak“  
„Bætir líkamsstöðu“  
„Eykur svítamyndun í leik og starfi“  
„Vatnslosun á magasvæði“  
„Viðheldur og lengir áhrif æfinga“  
„Heldur vöðvum heitum“  
„Minnkar mittismál“  
„Eykur brennsluáhrif“*

Í bréfinu var jafnframt vakin athygli á skyldu þjónustuveitenda til að veita upplýsingar um sig skv. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Við skoðun Neytendastofu á vefsíðunni var ekki að finna upplýsingar um nafn, kennitölu og virðisaukaskattúmer þjónustuveitanda auk upplýsinga um þá opinberu skrá sem hann er skráður hjá.

**2.**

Ekkert svar barst Neytendastofu og var ítrekun send með bréfi, dags. 11. apríl 2016.



Ekkert svar barst.

### III. Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta snýr annars vegar að fullyrðingum um Brennslubeltið sem fram koma á vefsíðunni celciusport.com, sem rekin er af Manova ehf., og hins vegar að skorti á upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni.

Manova hefur ekki svarað bréfum Neytendastofu og engar breytingar hafa verið gerðar á vefsíðunni frá því að meðferð málsins hófst.

#### 2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. segir:

*„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“*

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

*„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“*

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr., sem einnig er í III. kafla, er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar



staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. liðum málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í bréfi Neytendastofu var sérstaklega vísað til b. liðar ákvæðisins. Þar segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

*„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar, [...]“*

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

- „1. nafni,*
- 2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,*
- 3. kennitölu,*
- 4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,*
- 5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,*
- 6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og*
- 7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“*

### 3.

Fullyrðingarnar sem um ræðir í máli þessu eru afar afdráttarlausar og stóryrtar um þann árangur sem vænta má af notkun Brennslubeltisins. Þannig er eftirfarandi haldið fram af hálfu Manova á vefsíðunni celciusport.com:

*„Brennslubeltið örvar brennslu á magasvæðinu [...]“*  
*„Beltin bæta líkamsstöðu og veita bakinu góðan stuðning.“*  
*„Veitir góðan stuðning við neðra bak“*  
*„Bætir líkamsstöðu“*  
*„Eykur svitamyndun í leik og starfi“*  
*„Vatnslosun á magasvæði“*  
*„Viðheldur og lengir áhrif æfinga“*  
*„Heldur vöðvum heitum“*  
*„Minnkar mittismál“*  
*„Eykur brennsluáhrif“*

Þrátt fyrir ítrekanir Neytendastofu hafa engin gögn verið lögð fram eða sannanir verið færðar fyrir réttmæti fullyrðinganna. Fullyrðingarnar verða því að teljast ósannaðar.

Neytendastofa telur umræddar fullyrðingar til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Þar sem um ósannaðar fullyrðingar er að ræða teljast þær villandi og



brjóta þar með gegn 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., auk 4. mgr. 6. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005.

Með vísan til 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er Manova bönnuð öll birting fullyrðinganna og skal félagið fjarlægja fullyrðingarnar af vefsíðunni celciusport.com innan fjórtán daga frá frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

Þrátt fyrir ítrekanir Neytendastofu um að gerðar séu viðeigandi lagfæringar á vefsíðunni er snýr að upplýsingum um þjónustuveitanda hefur það ekki verið gert. Við skoðun Neytendastofu á vefsíðunni þann 25. maí 2016 kom í ljós að enn skorti upplýsingar um nafn, kennitölu, virðisaukaskattúmer og þá opinberu skrá sem Manova er skráð hjá, sbr. 1., 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2002 er Neytendastofu falið eftirlit með að farið sé að ákvæðum 6.-7. gr. og 9.-11. gr. laganna. Sé brotið gegn nefndum ákvæðum gilda ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, um úrræði Neytendastofu, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Verði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Neytendastofu um að fjarlægja áðurnefndar fullyrðingar af vefsíðunni og bæta upplýsingar um þjónustuveitanda skal Manova greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga, umfangi brotsins og fjárhæð dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Manova ehf., Borgartúni 24, Reykjavík, hefur með birtingu fullyrðinganna „Brennslubeltið örvar brennslu á magasvæðinu [...]“, „Beltin bæta líkamsstöðu og veita bakinu góðan stuðning.“, „Veitir góðan stuðning við neðra bak“, „Bætir líkamsstöðu“, „Eykur svitamyndun í leik og starfi“, „Vatnslosun á magasvæði“, „Viðheldur og lengir áhrif æfinga“, „Heldur vöðvum heitum“, „Minnkar mittismál“, „Eykur brennsluáhrif“ brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.**

Með vísan til 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Manova ehf. bönnuð öll birting fullyrðinganna og beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að fjarlægja fullyrðingarnar af vefsíðu þess celciusport.com.



**Manova hefur með því að veita ekki upplýsingar um nafn, kennitölu, virðisaukaskattúmer og þá opinberu skrá sem þjónustuveitandi er skráður hjá á vefsíðunni [celciussport.is](http://celciussport.is) brotið gegn ákvæðum 1., 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.**

**Manova ehf. skal innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni [celciussport.com](http://celciussport.com). Verði það ekki gert innan tilskilins frests skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neftendastofu.“**

Neftendastofa, 6. júní 2016

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir